10. Upphaf að útvarpserindi.
Um Fuglavinafélagið Fönix.

2 blöð qto.

Kæru börn, nær og fjær!

Þetta er í fyrsta skifti, sem mér gefst tækifæri til ad tala vid ykkur sérstaklega í útvarpid og er mér þad gledíefni; hitt er óreynt ennþá hversu mikid gagn eda gaman þid hafid af því. Ég hefi ad vísu ýmislegt í pokahorninu, sem ég gjöri rád fyrir ad ykkur komi vel, en ég verd ad bidja ykkur um, ad vera ekki altof kröfuhörd vid mig.

Sennilega heilsa ég uppá ykkur einhverntíma sídar, e.t.v. brádlega, med því, eins og nú, ad tala vid ykkur um sama efni og nú eda af líku tæi, en vidræda mín vid ykkur í dag á ad vera sú, ad segja ykkur frá félagsskap nokkrum hér í bænum, er ég setti á stofn med nokkrum drengjum hér í bænum í fyrra og styđst sú frásögn mín nú vid þad sem ég skrifadi í Lesbók Morgunbladsins um þetta félag 28. apríl sídastl. eda nú fyrir hálfum mánudi. Ad þeirri frásögn minni lokinni, mun ég svo segja ykkur smásögur, eina eda tvær, sem ad nokkru leyti standa í sambandi vid þessa frásögn mína um félagid og nú hefst hún:

Þeir voru adeins sjö drengirnir, sem ég valdi úr öllum barnahópnum hér í Reykjavík til þess ad stofna med sér félag, er hefdi þad fyrir mark og mid, ad reyna ad hæna villta fugla hér ad bænum. Félagid var stofnad 27. febrúar 1934 og hlaut þad nafnid „Fuglavinafélagid Fönix," en þessi dagur var þá 90. fædingardagur hins alkunna fuglavinar, P. Nielsens sáluga frá Eyrarbakka, og var félagid stofnad í minningu um hann, því hann hafdi, þótt ekki væri hann innfæddur Íslendingur, látid sér mjög ant um fuglalífid hér hjá okkur og skrifad margar og gódar ritgjördir um þad, einkum til þess ad kynna þad fyrir okkur,

vernda endurnar, sem hann áleit að nú væru að deyja út, eins og Geirfuglinn forðum, öllum Íslendingum og öðrum til mikils angurs.

Áður en þessir sjö drengir stofnuðu fuglavinafélagið, sáust hér aðeins 10-12 villtar endur — stokkendur — öðru hvoru hér í bænum eða nálægt honum, en í vetur brá svo við, að þær voru orðnar um 160 talsins, flestar voru þær 25. nóvember í vetur og mjög oft 70 til 120.

Hér í bænum er tjörn ein, eða öllu heldur tvær og er brú á milli þeirra, sem aðskilur þær, en einu nafni er tjörnin nefnd Reykjavíkurtjörn eða aðeins Tjörnin og er Hólminn í hinni nyrðri. Þessi hólmi er nál. 80 til 90 ára gamall og hefir nú verið stækkaður og lagaður á síðustu árum; þótt ekki sé hann stór, þá er hann alsettur á hverju sumri af kríum, sem verpa þar og unga út eggjunum sínum í hundraða tali; aðrir fuglar fá ekki að hafast þar við, því bæði er það, að kríunni þykir sem ekki land sitt of stórt og svo er hitt, að hún þykir allráðrík og telur sig eflaust eiga þetta litla land (Hólmann) og mega njóta hans ein út af fyrir sig.

Það er á þessar stöðvar (á Tjörnina), sem villtu endurnar eru nú farnar að sækja, einkum síðan drengirnir fóru að hugsa um þær og hæna þær að sér, með því að gefa þeim brauð á hverjum degi. En hvaðan fá drengirnir allt það brauð, sem til þessa þarf? Það fá þeir hjá eigendum brauðgerðahúsanna hér í bænum og á matsölustöðunum og þeir gefa þeim það með góðu geði.

Vegna þess, að drengirnir voru eigi fleiri en sjö í fyrstu eða eins margir og dagarnir í vikunni, ~~[illegible]~~ kom það í ljós, að þeir þurftu að vera fleiri og fjölgaði og þeim svo, að nú eru þeir um 30; er þeim skift í flokka, 3 og 4 í hverjum flokki og hefir hver þeirra sinn ákveðna dag, til þess